

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sólvhólsgrötu 7
101 Reykjavík



Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 14. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreind reglugerðardrög sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 25. júní 2020. Reglugerðin sækir stoð í lög nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga. SA gera eftirfarandi athugasemdir við reglugerðardrögin.

1. Bannskrár

Í IV. kafla reglugerðardraganna er fjallað um notkun þjóðskrár í markaðssetningartilgangi. Í 2. mgr. 14. gr. segir að áður en skrá sem inniheldur nöfn, heimilisföng, netföng og eða símanúmer er notuð í beinni markaðssókn skuli bera hana saman við skrár Þjóðskrár Íslands, skv. 1. mgr. Um óumbeðin fjarskipti fari samkvæmt lögum um fjarskipti. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra fjarskiptalaga. Þar virðist ætlunin að þau gangi framur bæði persónuverndarlögum og lögum um skráningu einstaklinga. Þá er alveg ljóst að fyrirtæki mega senda sínum eigin viðskiptavinum tölvupóst í markaðstilgangi án þess að bera viðskiptamannaskrána saman við bannskrár Þjóðskrár, svo lengi sem viðkomandi viðskiptavinur fékk tækifæri til að andmæla notkun netfangs síns í slíkum tilgangi, sjá 2. mgr. 94. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 46. gr. núgildandi fjarskiptalaga. Hins vegar má velta fyrir sér hvort að þetta sé nægilega skýrt í huga þeirra sem óska eftir bannmerkingunni og líklegt er að þeir telji að bannskráin nái utan um allar sendingar í markaðstilgangi.

Að mati SA væri einnig eðlilegra að sá sem bannmerking tekur til myndi tilgreina hvaða samskiptaleiðir eru bannaðar, þ.e. hvaða netföng og símanúmer. Það að einstaklingur skrái kennitölu sína í þjóðskrá ætti ekki að leiða til þess að allar samskiptaleiðir við viðkomandi í markaðstilgangi séu bannaðar enda eru netföng sjaldnast beintengd við kennitölu. Í þessu samhengi má einnig velta fyrir sér vinnunetföngum sem eru í eigu vinnustaða en ekki einstaklingsins og því enn sjaldnar tengd við kennitölu. Merkingin kallar því eftir frekari skráningu persónuupplýsinga sem er óheppilegt. Þetta skapar fleiri álitamál, eins og hvort að einstaklingur hafi beinlínis heimild til að andmæla notkun vinnunetfangs í markaðstilgangi þegar hann er ekki eigandi netfangsins.

Samspil fjarskiptalaga, persónuverndarlaga og laga og reglugerðar um skráningu einstaklinga þarf að vera alveg skýrt að þessu leyti.

2. Undanþágur (15. gr.)

Í 15. gr. reglugerðardraganna er að finna ákvæði „í vinnslu“ um undanþágur fyrir ábyrgðaraðila til að taka mið af skráningum í bannskrá. SA telja mikilvægt að skýrt sé af ákvæðinu hvaða mikilvægu hagsmunir það eru sem réttlæta heimild til undanþágu og heppilegra væri að klára vinnslu ákvæðisins áður en haft er samráð um drögin.

3. Lokaorð

Líkt og áður kom fram er frumvarp til nýrra fjarskiptalaga nú til meðferðar á Alþingi. Áður en ljóst er hvernig það mál endar er erfitt að gera tæmandi athugasemdir við fyrirbyggjandi reglugerðardrög. Að mati SA mætti bíða með samþykkt reglugerðarinnar, eða a.m.k. IV. kafla hennar, þar til ný fjarskiptalög hafa verið samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir